



Skyndihjálþ SKYN2SP01

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er farið í helstu atriði og viðbrögð við óvæntum slysum og veikindum. Námskeiðið er bóklegt og verklegt. Áhersla er lögð á góðan skilning á efninu og færni í grunnendurlífgun og notkun hjartastuðtækja, meðhöndlun veikra og slasaðra. Farið verður m.a. yfir eftirfarandi þætti: streita í neyðartilfellum, tilfinningarleg viðbrögð eftir að hafa veitt skyndihjálþ, sálrænn stuðningur og að forðast sýkingar. Einnig verður farið vel yfir fjögur skref skyndihjálþar; tryggja öryggi á vettvangi, meta ástand slasaðra eða sjúkra, sækja hjálþ og veita skyndihjálþ. Grunnendurlífgun, sjálfvirkt hjartastuð, áverkar og bráð veikindi.

Einingafjöldi: 1 framhaldsskólaeining (1 feining)

Hæfniprep: 2

Lokamarkmið áfangans

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- hinum fjórum skrefum skyndihjálþar
- helstu áverkaeinkennum og réttum viðbrögðum við þeim
- helstu einkennum bráðra veikinda og réttum viðbrögðum við þeim

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna rétt viðbrögð við slysum
- meta ástand sjúkra og slasaðra
- veita skyndihjálþ við slys og bráð veikindi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta veitt sálræna skyndihjálþ
- geta veitt endurlífgun og geti beitt sjálfvirku stuðtæki i neyðartilfellum
- geta bundið um sár og flutt sjúkling til við yfirvofandi hættu
- geta sett sjúklinga í læsta hliðarlegu og tryggt þannig öryggi þeirra

Námsmat áfangans: Námsmat byggist á áfangamarkmiðum. Þess skal gætt að námsmat taki til allra þátta námsins m.t.t. þekkingar, leikni og hæfni nemandans. Námsmat er í formi verklegs prófs og krossaprófs.